



Félag áhugamanna um Bátasafn
Breiðafjarðar á Reykhólum

**Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 12-14
150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta, 150. löggjafarþing
2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.**

Bátasafn Breiðafjarðar (Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum) fagnar fram kominni tillögu.

Frá því lög um menningarminjar, nr. 80/2012, voru sett hefur fjárhagslegur stuðningur við varðveislu og verndun skipa og báta verið um 2 milljónir á ári en á sama tíma hefur Húsafirðunarsjóður úthlutað um 200 milljónum árlega til viðhalds húsa og kirkna. Hér þarf að gera betur hvað báta- og skipavernd varðar.

Varðandi „taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta..“ *félagið hefur tekið saman skrá yfir þá báta sem það á og annast og liggur sú skrá fyrir. Félagið tók einnig tekið þátt í gerð Fornbátaskrá sem Samband íslenskra sjóminjasafna gaf út í byrjun árs 2020. Eftir er að taka saman upplýsingar um báta í einkaeigu.*

Varðandi „endurskoðun á aldursmörkum skipa og báta...“ *það er skoðun okkar hjá Bátasafni Breiðafjarðar að hvað varðar trébáta þá sé ekki þörf á að vera með nein sérstök aldursmörk. Smíði báta úr tré til atvinnunotkunar er ekki lengur starfrækt og því ætti friðun trébáta að ná til allra trébáta, sem hafa varðveislugildi.*

Varandi „finna fjárstreymis- eða fjáröflunarleiðir...“ *okkar mat er að til þess að hraða þessari vinnu komi til greina að hafa að fyrirmynd fyrirkomulag og uppbyggingu Húsafirðunarsjóds og Minjavernðunar ehf. sem sameiginlega hafa lyfl grettistaki á sviði húsaverndunar. Einnig eru frændur okkar á norðurlöndum með öflugt starf á þessu sviði og þangað má sækja fyrirmyndir. Einnig viljum við ítreka að mikilvægt er að gæta þess að gert sé ráð fyrir fjármagni í að styrkjaog efla kennslu í báta- og skipasmíði.*

Um Bátasafn Breiðafjarðar.

Félag var stofnað 31. ágúst 2006. Markmið félagsins eru:

- Safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu báta, bátasmíða og siglinga við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að nýsmíði súðbyrðinga, veita þekkingu í því fagi eftir föngum og, efla siglingakunnáttu og halda til haga vitneskju um gamlar siglingaleiðir á Breiðafirði.

Sumarið 2011 hófst samstarf félagsins við Reykhólahrepp og æðarræktarfélagsins Æðarvéa, um rekstur sýningar sem fékk heitið **Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum**. Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynna æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirska laginu.

Félagið hefur staðið fyrir **Bátadögum** fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan tveggja ára er þeir féllu niður vegna veðurs. Bátadagarnir hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum. Bátadagarnir hafa því stuðlað að einkonar “vakningu” í varðveislu súðbyrtra báta. Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið.

Félagið hefur frá 2010 boðið upp á **námskeið** í smíði súðbyrtra trébáta. Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við Íðu fræðslusetur. Námskeiðin hafa verið haldin vor og haust og hefur þátttaka verið sæmileg og stundum góð. Námskeið hafa einnig verið haldin á Siglufirði og Akureyri í samvinnu við sjóminjasöfn þar. Í tengslum við námskeiðin hefur félagið gefið út kennslubók með leiðbeiningum um smíði súðbyrðings.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna hér; <http://batasmidi.is/>

Kópavogi, 11. mars 2020

F.h. Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar


Hafliði Aðalsteinsson, formaður
haflidia@centrum.is



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2020

Erindi: Umsögn um tillögu að þingsályktun um verndun og varðveislu skipa og báta – 277. mál 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur fagnar *tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.

Samkvæmt tillögunni er starfshópi ætlað að „gera úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og gera tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri ...“ Í þessu sambandi er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbataskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbataskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk þeirra um 190 báta sem eru í fornbataskránni er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við hana. Lagt er til að starfshópurinn láti gera skrá yfir þá.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbataskránni verði unnar flokkaðar skrár til frekari hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta,





opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðaeefni (tré, járn), báta sem sérstaklega mikilvægt er að fá strax viðhald o.s.frv.

Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbataskránni og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Annað hlutverk sem hópnum er ætlað er að „endurskoða aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012“. Nú eru skip og bátar sem smíðaðir eru fyrir 1950 friðaðir á grundvelli aldurs auk þess sem heimilt er að beita ákvæðum um friðlýsingu og skyndifriðun óháð aldri (3., 18., 19. og 20. gr.). Ekki er víst að ráðlegt sé að breyta þessum mörkum, t.d. með því að miða við aldur en ekki ártal, svo sem að allir bátar sem eru 50 ára eða eldri séu friðaðir. Þetta kann að valda vandkvæðum, bátarnir verði of margir. Því er lagt til að gert sé að skyldu að allir bátar smíðaðir á árunum 1950-1980 fari í gegnum varðveislumat og séu friðaðir ef gild rök eru fyrir því. Samanber umræðu meðal húsafríðunarfolks að það sé ákveðið vandamál að „öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri séu friðuð“ (lög um menningarminjar nr. 80/2012, 29. gr.). Einnig ber að hafa í huga að aldur er ekki eini mælikvarði á varðveislugildi báta.

Loks er fyrirhuguðum starfshópi ætlað að „gera tillögur að úrbótum“ og er hér sérstaklega mælt með að stofnaður verði séstakur sjóður sem hafi það hlutverk að viðhalda og varðveita gömul skip og báta.

Virðingarfyllst,



Safnstjóri





Umsögn um tillögu að þingsályktun um verndun skipa og báta - 277. mál 2020

Gera eftirfarandi athugasemd við textan

Fjórða málsgrein er:

Hérlendis hafa verið smíðuð fjölmörg skip og bátar. Mikilvægt er að viðhalda þekkingu á smíði gamalla báta og skipa, enn fremur hefur það menntunargildi. Þannig væri hægt að nýta gömul skip við fræðslu ungmenna og nýta uppgerð skip til kennslu. Þá hafa fjölmörg samtök og áhugafélög tekið að sér að viðhalda skipum og bátum og má telja að án aðstoðar þeirra hefði skipum og bátum, sem í eru fólgin menningarverðmæti og arfleifð handverks, verið eytt. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að veita þessum samtökum stuðning.

Umorðist

Hérlendis hafa verið smíðuð fjölmörg skip og bátar. Mikilvægt er að viðhalda þekkingu á smíði gamalla báta og skipa, enn fremur hefur það menntunargildi. Þannig væri hægt að nýta gömul skip við fræðslu ungmenna og nýta uppgerð skip til kennslu og annarrar þjónustu. Þá hafa ákveðin samtök og áhugafélög tekið að sér að viðhalda skipum og bátum og má telja að án aðstoðar þeirra hefði fleiri skipum og bátum, sem í eru fólgin menningarverðmæti og arfleifð handverks, verið eytt. Mörg mikilvæg skip bíða í dag eftir björgun. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að veita þessum samtökum stuðning.

Samkvæmt 3. gr. laganna teljast skip og bátar til forngripa, þ.e. lausra minja og eru aldursmörk skipa og báta sem teljast til forngripa sett við ártalið 1950

Hollvinasamtök Magna leggja ríka áherslu á að miðað sé við að skip teljist sem fornskip (forngripur) fara eftir aldri skips, en ekki ártali eins og er í lögum í dag. Það gerir kleift að hægt sé að gera sérstaka skipaskrá flokk svo hægt sé að halda fornskipum í siglingarhæfu ástandi. En markmið Hollvinasamtaka Magna er að koma Magna 2 í siglingarhæft ástand samkvæmt þeim kröfum sem myndu gilda um fornskip. Sem væru í tak við þær kröfum sem voru í gild á þeim tíma sem skipið var í rekstri.

Fyrir hönd
Hollvinasamtaka Magna

Böðvar Eggertsson
Gjaldkeri

Hollvinasamtök varðskipsins Óðins taka jákvætt undir þessi bæði mál og fagna þeim hugmyndum sem að baki þeim liggja. Hinsvegar er nokkur vandi sem fylgir þessu máli um ákvarðanatöku hvaða báta og skip skuli vernda og kemur þá oft en ekki til huglægt mat og tengingar við liðna tíð. Það er ekki óeðlilegt að fyrst um sinn sé miðað við að smíðaár báta og skipa sé fyrir árið 1950, einhver takmörkun verður að vera vegna aðgengis að þessum sjóði á meðan sjóðstjórn áttar sig á umfangi málsins. Sögulegar forsendur skips og báta geta þó nokkuð um ráðið um verndun skipa og verða að vera sérstök ákvæði gildandi fyrir sjóðstjórn þar sem brugðið er frá smíðari og nefni ég hér t.d. varðskipið Óðinn og dráttarbátinn Magna.

Smíðaár dráttarbátsins Magna er 1953 til 1955 og er fyrsta stálskipasmíði Íslendinga og er þessvegna m.a. eðlilegt að varðveita.

Varðskipið Óðinn er smíðaður á áunum 1958 til 1960, þjónusta skipsins við hina smáu og dreifðu byggð, fólkið á landsbyggðinni sem býr við ólíklegustu aðstæður, og aðkoma skipsins að vörslu fiskveiðlandhelginnar við útfærslu í 12, 50, og 200 sjómílu tengist svo mjög íslensku þjóðlífi. Einnig þeim sem í eldlínunni stóðu og vörðust þ.e. starfsmönnum Landhelgisgæslunnar til sjós og lands, embættismönnum og stjórnámálamönnum.

Fh. Stjórnar Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins

Guðmundur Hallvarðsson

Tillaga til breytinga á þingsályktun.

Þingskjal 306 — 277. mál.

Í innganginn finnst mér vanta afgerandi kraft til aðgerða í þessu mikilvæga máli, sem verndun báta og skipa er. Talað er um úrbætur, úrbætur á hverju? Það þarf að hugsa þetta frá grunni og rauninni þarf að greina menningarhugtakið og minjapólitík okkar. Þorsteinn Gylfason prófessor sagði að menning væri það að gera hlutina vel. Það finnst mér góð nálgun því það kallar á skilgreiningu á því sem vel er gert og hvað er fúsk.

Lög um menningarminjar, sem vitnað er til í greinargerðinni, er dæmi um fúsk. Með þeim var möguleiki til varðveislu skipa og báta nánast enginn.

Ef horft er til heimilda í fornum ritum fer lítið fyrir daglegu amstri forfeðra okkar annað en að veða mann og annan. Ekki er að sjá að þeir hafi eytt miklum tíma við bátasmiðar frekar en önnur hversdagsleg verk. Þess er þó getið í Íslendingasögum að Skallagrímur Kveldúlfsson er sagður „skipasmiður mikill“ og lét flytja til sín rekavið. Í Hergilsey í Breiðafirði er Gísli Súrsson sagður hafa smíðað skip og vera flestum öðrum hagari við þá iðju. Króka-Refur fær vegleg ummæli sem skipasmiður en þá er eiginlega upptalið það sem Íslendingasögurnar veita um þessa mikilvægu starfsgrein okkar því ekki gátu landsnámsmenn án skipa verið frekar en við í nútímanum. Þekkingin kom frá fyrri heimkimum og skipa- og bátasmiðir þurftu að aðlagja sín verk að aðstæðum hvers tíma og staðháttu.

Af lýsingum báta og skipa er Þórðar saga kakala hvað skýrust þegar heraflo Flóabardaga er lýst. En það er fátt sem við vitum og lítið hefur verið rannsakað hvað þessi arfleið hefur fylgt okkur til nútímans. Við vitum þó að verkkunnáttan hefur lifið mann fram að manni og er enn til staðar en er óðum að hverfa.

Rekaviður hefur líklegast verið aðalefniviðurinn í báta allt frá landnámi og fram eftir öldum. Heimildir eru hinsvegar álíka rýrar um bátasmiði í Fornbréfasafninu og í Íslendingasögum. Það detta þó inn af og til upplýsingar sem færa stóðir undir að rekaviður hefur verið helsti efniviðurinn við bátasmiðina.

Ég hef farið yfir tvær þingsályktunartillögur sem óskað var eftir. Það kom mér satt að segja á óvart að um tvær nánast samhljóma tillögur væri að ræða. Ég verð þó að segja, með fullri virðingu, að greinargerð í þingskjali 306 – 277. mál er mun almennari og ekki eins ítarlega rökstutt og í þingskjali 349 – 308. mál. Ég tel skynsamlegt að flutningsmenn tillagnanna sameinist um að koma þessu brýna máli í gegnum þingið til að forða frekara tjóni en orðið hefur í gegnum árin.

Ég einlæglega óska þess að þetta mikilvæga atriði í okkar menningararfi fái þann hljómgrunn, sem það svo sannarlega er, með sameiginlegu átaki þingheims alls.

Virðingarfyllt,

Jón Sigurpálsson
Skógarbraut 1
400 Ísafirði
Sími: 896 3291

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 12-14
150 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 21. febrúar 2020
MÍ202002-0055/0.01/ K.H.S.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta

Óskað hefur verið umsagnar Minjastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta, þingskjal 306 – 277. mál.

Frá því að lög um menningarminjar nr. 80/2012 tóku gildi hefur verið óljóst hver ber ábyrgð á varðveislu þessara minja. Minjastofnun Íslands fagnar því þingsályktunartillögunni og styður hana heilshugar.

Virðingarfyllst,

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Afrit sent:

Mennta og menningarmálaráðuneyti



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2020
Tilv: 200311alþ277

Umsögn safnaráðs vegna 277. máls, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, tillaga til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta (sjá: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0306.html>).

Safnaráð tekur undir það að skipa ætti starfshóp sem gerði úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og geri tillögur að úrbótum. Við hvetjum til þess að sá starfshópur myndi eiga gott samráð við bæði þau söfn sem búa yfir sérfræðiþekkingu á þessu sérsviði og við Samband íslenskra sjóminjasafna.

Fyrir hönd safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs

Umsögn um tillögu að þingsályktun um verndun skipa og báta – 277. mál 2020

Samband íslenskra sjóminjasafna fagnar *tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.

Samkvæmt tillögunni er starfshópi ætlað að „gera úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og gera tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri ...“ Í þessu sambandi er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbátaskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk þeirra um 190 báta sem eru í fornbátaskránni er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við hana. Lagt er til að starfshópurinn láti gera skrá yfir þá.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbátaskránni verði unnar flokkaðar skrár til frekari hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðaefni (tré, járn) og fleiri skrár.

Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbátaskrárinnar og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Annað hlutverk sem hópnum er ætlað er að „endurskoða aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012“. Nú eru skip og bátar sem smíðaðir eru fyrir 1950 friðaðir á grundvelli aldurs auk þess sem heimilt er að beita ákvæðum um friðlýsingu og skyndifriðun óháð aldri (3., 18., 19. og 20. gr.). Ekki er víst að ráðlegt sé að breyta þessum mörkum, t.d. með því að miða við aldur en ekki ártal, svo sem að allir bátar sem eru 50 ára eða eldri séu friðaðir. Þetta kann að valda vandkvæðum, bátarnir verði of margir. Þá er hugsanlega betra að gera að skyldu að allir bátar smíðaðir t.d. á árunum 1950-1980 fari í gegnum varðveislumat og séu friðaðir ef gild rök eru fyrir því. Samanber umræðu meðal húsafriðunarfélks að það sé ákveðið vandamál að „öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri séu friðuð“ (lög um menningarminjar nr. 80/2012, 29. gr.). Einnig ber að hafa í huga að aldur er ekki eini mælikvarði á varðveislugildi báta.

Loks er fyrirhuguðum starfshópi ætlað að „gera tillögur að úrbótum“ og er hér sérstaklega mælt með að stofnaður verði séstakur sjóður sem hafi það hlutverk að viðhalda og varðveita gömul skip og báta.

Reykjavík 10. mars 2020

Fyrir hönd Sambands íslenskra sjóminjasafna

Helgi Máni Sigurðsson

formaður

helgi.mani.sigurdsson@reykjavik.is



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Umsögn Síldarminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta sbr. 150. löggjafarþing 2019–2020, þingskjal 306 – 277. mál.

Síldarminjasafn Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta. Of lengi hafa málefni skipavarðveislu verið hornreka í lögum og reglugerðum, og sannarlega kominn tími til að málið sigli í heila höfn.

Samkvæmt tillögunni er mennta- og menningarmálaráðherra gert „að skipa starfshóp sem geri úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og geri tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri, og endurskoði aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012.“

Í því sambandi má benda á nýútkomna *Fornbátaskrá* Sambands íslenskra sjóminjasafna, sem gefin var út í janúar 2020 og er aðgengileg á vefnum: <http://batasmidi.is/files/>

Í skránni er að finna skilmerkilegar upplýsingar um 190 fornbáta ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs. Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru smíðuð fyrir 1950. Lagt er til að starfshópur sá sem þingsályktunartillagan leggur til að verði stofnaður, tryggi að unnið verði að sambærilegri skrá fyrir fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í skrá upplýsingar um.

Varðandi aldursmörk, sem kveða á um að skip og bátar eldri en frá 1950 séu skilgreind sem forngripir, er hér lagt til að í stað þess að færa árgildið fram til 1960 eða 1970 verði kannaður sá möguleiki að meta þurfi hvert tillfelli fyrir sig með tilliti til menningarsögulegs gildis viðkomandi skips eða báts. Til þess mats mætti notast við nýútgefinn *leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta*.

Þingsályktunartillagan leggur til að starfshópi verði „falið að finna fjárstreymis- eða fjáröflunarleiðir til verkefnisins og móti reglur um meðhöndlun fjármagnsins.“ Undirrituð leggur til að starfshópurinn beiti sér fyrir stofnun *bátafriðunarsjóðs*,

sambærilegum húsafriðunarsjóði og fornminjasjóði. Þrátt fyrir að lög um menningarminjar nr. 80/2012 veiti fornminjasjóði heimild til að veita styrki til „minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja“ hefur málaflokkurinn ekki hlotið mikið vægi við úthlutanir síðustu ára. Frá árinu 2013 hafa árlega aðeins eitt til þrjú verkefni er snúa að varðveislu skipa og báta hlotið styrki úr fornminjasjóði, og hafa þær fjárhæðir numið að jafnaði 4,4% af heildarúthlutun. Það er augljóst að málaflokkurinn er hornreka undir fornminjasjóði, sem fyrst og fremst er ætlað að styðja við fornleifarannsóknir og varðveislu jarðfundinna gripa og rannsóknir þeim tengdum, og er því rík ástæða til þess að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sem hafi það markmið að tryggja faglega varðveislu skipa og báta – sér í lagi sé litið til þess að skv. núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru skip og bátar skilgreindar menningarminjar. Þar að auki eru skip og bátar frá því fyrir 1950 skilgreind sem forngrípir.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir: „Mikilvægt er að viðhalda þekkingu á smíði gamalla báta og skipa, enn fremur hefur það menntunargildi. Þannig væri hægt að nýta gömul skip við fræðslu ungmenna og nýta uppgerð skip til kennslu. Þá hafa fjölmörg samtök og áhugafélög tekið að sér að viðhalda skipum og bátum og má telja að án aðstoðar þeirra hefði skipum og bátum, sem í eru fólgin menningarverðmæti og arfleifð handverks, verið eytt. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að veita þessum samtökum stuðning.“ Undir þetta er tekið heilshugar, og jafnframt vakin athygli flutningsmanna á því að Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði hefur undanfarinn áratug staðið fyrir árlegum bátasmíðanámskeiðum fyrir iðnnema, safnmenn og aðra áhugamenn. Síldarminjasafnið hefur það að markmiði að standa vörð um farna þekkingu á smíði opinna tréskipa hér á landi og eru námskeiðin skipulögð í samræmi við samning safnsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gamli Slippurinn, verkstæði frá árinu 1934, er í eigu Síldarminjasafnsins og er kjörinn vettvangur til kennslu. Þar er að finna gömul verkfæri og trésmíðavélar til bátasmíða. Í góðri samvinnu við iðnskóla og hið opinbera mætti gera enn betur og endurvekja nám í tréskipasmíði og stuðla þannig að viðeigandi menntun ungs fólks með það að markmiði að glata ekki þeirri verðmætu þekkingu sem báta- og skipasmíðir búa að og viðhalda með viðgerðum og endursmíði.

Þá leggur undirrituð að lokum til að samhliða þeirri vinnu sem tillaga er gerð um í þingsályktuninni, beiti skipaður starfshópur sér fyrir því að ákvæði 4 gr. safnalaga nr. 141/2011 um ábyrgðarsöfn verði framfylgt með þeim hætti að skipað verði ábyrgðarsafn á sviði sjóminjavörslu í landinu. Slíkt ábyrgðarsafn yrði allri báta- og sjóminjavörslu í landinu til mikils stuðnings.

Siglufirði, 10. mars 2020



Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands



VITAFÉLAGIÐ
íslensk strandmenning

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Umsögn Vitafélagsins – íslensk strandmenning um tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta sbr. 150. löggjafarþing 2019–2020, þingskjal 306 – 277. Mál.

Vitafélagið – íslensk strandmenning fagnar tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta. Löngum hafa málefni báta- og skipavarðveislu verið hornreka í lögum og reglugerðum, sem þó er einn grundvallarþáttur í íslenskri menningarsögu. Það er því lögnu tímabært að þetta mál komist í höfn.

Samkvæmt tillögunni er mennta- og menningarmálaráðherra gert „að skipa starfshóp sem geri úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og geri tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri, og endurskoði aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012.“

Í því sambandi má benda á nýútkomna *Fornbátaskrá* Sambands íslenskra sjóminjasafna, sem gefin var út í janúar 2020 og er aðgengileg á vefnum: <http://batasmidi.is/files/>

Í skránni er að finna skilmerkilegar upplýsingar um 190 fornbáta ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs.

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru smíðuð fyrir 1950. Einnig ber að benda á að á vegum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar var lagður grunnur að skráningu báta og skipa í evrópuverkefninu fishernet www.fishernet.is Skráningin var ekki fullunnin þegar verkefninu lauk, en á blað voru komin yfir eittþúsund skip og bátar. Lagt er til að starfshópur sá sem þingsályktunartillagan leggur til að verði stofnaður, tryggi að unnið verði áfram að skrásetningu yfir eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa. Það væri ómetanlegur fengur í slíkri skráningu og hún gæfi yfirsýn yfir hvað til væri af þessum þætti menningararfsins og í hverskonar ástandi hann er.

Varðandi aldursmörk, sem kveða á um að skip og bátar eldri en frá 1950 séu skilgreind sem forngripir, er hér lagt til að í stað þess að færa árgildið fram til 1960 eða 1970 verði kannaður sá möguleiki að meta þurfi hvert tillfelli fyrir sig með tilliti til menningarsögulegs gildis

viðkomandi skips eða báts. Til þess mats mætti notast við nýútgefinn *leiðarvísir við mat á varðveislugildi skipa og báta*.

Þingsályktunartillagan leggur til að starfshópi verði „falið að finna fjárstreymis- eða fjáröflunarleiðir til verkefnisins og móti reglur um meðhöndlun fjármagnsins.“

Vitafélagið – íslensk strandmenning leggur til að starfshópurinn beiti sér fyrir stofnun *bátafriðunarsjóðs*, sambærilegum húsafriðunarsjóði og fornminjasjóði. Þrátt fyrir að lög um menningarminjar nr. 80/2012 veiti fornminjasjóði heimild til að veita styrki til „minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja“ hefur málaflokkurinn ekki hlotið mikið vægi við úthlutanir síðustu ára.

Frá árinu 2013 hafa árlega aðeins eitt til þrjú verkefni er snúa að varðveislu skipa og báta hlotið styrki úr fornminjasjóði, og hafa þær fjárhæðir numið að jafnaði 4,4% af heildarúthlutun. Það er augljóst að málaflokkurinn er hornreka undir fornminjasjóði, sem fyrst og fremst er ætlað að styðja við fornleifarannsóknir og varðveislu jarðfundinna gripa og rannsóknir þeim tengdum, og er því rík ástæða til þess að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sem hafi það markmið að tryggja faglega varðveislu skipa og báta – sér í lagi sé litið til þess að skv. núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru skip og bátar skilgreindar menningarminjar. Þar að auki eru skip og bátar frá því fyrir 1950 skilgreind sem forngríp.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir: „Mikilvægt er að viðhalda þekkingu á smíði gamla báta og skipa, enn fremur hefur það menntunargildi. Þannig væri hægt að nýta gömul skip við fræðslu ungmenna og nýta uppgerð skip til kennslu. Þá hafa fjölmörg samtök og áhugafélög tekið að sér að viðhalda skipum og bátum og má telja að án aðstoðar þeirra hefði skipum og bátum, sem í eru fólgin menningarverðmæti og arfleifð handverks, verið eytt. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að veita þessum samtökum stuðning.“ Undir þetta tekur Vitafélagið – íslensk strandmenning heilshugar, og vill jafnframt vekja athygli á að 30. mars næstkomandi mun öflugur hópur áhugafólks á Norðurlöndum afhenda fastanefnd Noregs hjá UNESCO í París beðni um að norrænar hefðir við smíði súðbyrðingsins komist á lista hjá UNESCO yfir menningararförir mannkynsins – listann yfir þýðingarmikla starfshætti sem borist hafa kynslóð til kynslóðar – hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið. Undir þetta hafa íslensk stjórnvöld skrifað. Til að fylgja þessu eftir er afar mikilvægt að unnið sé að áætlun um smíði, viðgerðir og varðveislu báta- og skipa.

Vert er að vekja athygli flutningsmanna á því að á Norðurlöndum sinna lýðskólar jafnt og iðnskólar kennslu í smíði súðbyrðings og í Noregi er einnig að finna nám í smíði og sögu súðbyrðings á háskólastigi.

Á Íslandi er vert að benda á að lýðskólinn á Flateyri væri uppláðgur til kennslu í smíði súðbyrðings sem og Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði sem undanfarinn áratug hefur staðið fyrir árlegum bátasmíðanámskeiðum fyrir iðnnema, safnmenn og aðra áhugamenn. Síldarminjasafnið hefur það að markmiði að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna

tréskipa hér á landi og eru námskeiðin skipulögð í samræmi við samning safnsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gamli Slippurinn, verkstæði frá árinu 1934, er í eigu Síldarminjasafnsins og er kjörinn vettvangur til kennslu. Þar er að finna gömul verkfæri og trésmíðavélar til bátasmíða. Í góðri samvinnu við iðnskóla og hið opinbera mætti gera enn betur og endurvekja nám í tréskipasmíði á þessum stöðum og stuðla þannig að viðeigandi menntun ungs fólks með það að markmiði að glata ekki þeirri verðmætu þekkingu sem báta- og skipasmíðir búa að og viðhalda með viðgerðum og endursmíði.

Hafnarfirði 11. mars 2020



Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins – íslensk strandmenning



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2020
Tilvísun: 202002-0106/00.03

Umsögn Þjóðminjavarðar og Þjóðminjasafns Íslands um

Tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta.

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 306 – 277. mál.

Þjóðminjasafn Íslands fagnar *tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.

Samkvæmt tillögunni er starfshópi ætlað að „gera úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og gera tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri ...“

Í þessu sambandi skal bent á að í janúar 2020 kom út afar vönduð og ítarleg skýrsla Sambands íslenskra sjóminjasafna. Hún er 826 blaðsíðna skrá um 190 fornþáta á Íslandi ásamt leiðarvísni við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornþátaskráin miðast við þáta í eigu safna, setra og sýninga og nær jafnframt til skipa á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk 190 þáta í fornþátaskránni er kunnugt um nokkurn fjölda eldri þáta sem mikill fengur væri í að afla greinargóðra upplýsinga um og bæta við hana. Lagt er til að starfshópur sem settur yrði á laggirnar samkvæmt þingsályktunartillögunni léti gera slíka samantekt um þá gömlu þáta sem eru í eigu einkaaðila, félaga og hópa.

Fornþátaskráin er grundvöllur til frekari nauðsynlegrar flokkunar, sem væri mikill hægðarauki, og forsenda til faglegrar áætlunargerðar og mats sem gæfi fyllsta yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélþáta, vélþáta og skip með þilfari auk lista yfir þáta eftir smíðaefni (tré, járn) og fleiri skrár. Nauðsynlegt er að afla samþykkis höfunda fornþátaskrárinnar og Sambands íslenskra sjóminjasafna og helst einnig að verkefnið verði



unnið í samvinnu við þessa aðila.

Gríðarlega vinna liggur að baki fornátaskránni og mælt er með að henni verði fram haldið með því að ráða tímabundið starfsmann í þau tvö verkefni sem framan eru greind. Að þeim loknum væri samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta komin að því marki sem hægt er. Samantektinni lýkur hins vegar aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Annað hlutverk sem hópnum er ætlað er að „endurskoða aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012“. Í dag eru skip og bátar sem smíðaðir eru fyrir 1950 friðaðir á grundvelli aldurs auk þess sem heimilt er að beita ákvæðum um friðlýsingu og skyndifriðun óháð aldri (3., 18., 19. og 20. gr.).

Ráðlegt væri að fara varlega í að breyta þessum mörkum, t.d. með því að miða við aldur en ekki ártal, svo sem að allir bátar sem eru 50 ára eða eldri séu friðaðir. Þannig breyting kann að valda ýmsum vandkvæðum. Fjöldi báta yrði fljótt of mikill og því ráðlegra að þeir fari í gegnum varðveislumat þar til bærra aðila.

Í nágrennalöndunum er farið mjög varlega í að friða báta og e.t.v. þarf að skoða þessi mál í heild sinni hér heima. Ennfremur er vakin athygli á að nánari útfærslu á lögum um menningarminjar vantar hvað snertir skip og báta. Í ljósi reynslunnar væri heppilegt að setja t.d. reglugerð um þetta.

Loks er fyrirhuguðum starfshópi ætlað að „gera tillögur að úrbótum“ og skal í því sambandi vísað til minnisblaðs frá árinu 2002, sbr. greinargerð við þingskjal 306. Í minnisblaðinu voru lagðar fram ýmsar tillögur og eru flestar þeirra enn í fullu gildi. Hugsanlega má vinna þær áfram og þróa enn frekar.

Virðingarfyllt,

Með kveðju / Kind regards
Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður / Director General

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
NATIONAL MUSEUM OF ICELAND

Suðurgata 41. 102 Reykjavík